

nægir að benda á, að öll hin orþódoxa skoðun á Kristi og þrenningarhugmyndin, frá sjónarmiði þess sem söguna les, var hægfara vinningur einnar skoðunar yfir að minsta kosti tveimur Öðruum, og að sú skoðun, er ofan á varð, var í rauninni afleidning af vissri útskýringu á alheiminum, sem nú finnur engan vísindalegan eða heimspekislegan stuðning. Frá því fyrsta hefir frjálslynda trúin verið að eyðileggja þann sigur, því hinir frjálslyndu hafa æfinlega fært fram á móti honum hina mikil-íslenglegu heimsspeki nýttíðarinnar, sem leitast við að útskýra heiminn án þess að raska einingu guðdómsins. Hún finnur enga þörf á því að framsetja þessar tvær hugmyndir um guð yfir heiminum og guð í heiminum sem tvær persónur í guði. Enn fremur hefir frjálslynda trúin eyðilagt sigur gömlu heimspekkinnar með því að framsetja kenningar sínar með tilhjálpu trúarlegrar sálarfræði, en ekki frumspekislegum heilabrotum um alheiminn. Trúarleg sálarfræði fæst að eins við hið leyndardómsfulla samband manna við guð og hjálpa þá, sem það veitir í gegnum dýrkun og tilbeïðslu, sein er algjörlega frábrugðin yfirskilvitlegum hugmyndum, og á þess vegna sem trú ekkert skylt við heimsspeki þá er eðli Kristi var ákvæðið með. Frjálslynda trúin kemst að réttari niðurstöðu í gegnum samanburðar yfirlit yfir önnur trúarbrögð utan kristindómsins, og í gegnum slískan samanburð sér hún réttilega hin stórkostlegu og dýrmætu áhrif Jesú. Í gegnum söguna sér hún þann, sem vegna þess að hún elskandi réttlæti og hataði ranglæti, hafði sannari frið og fögnud heldur en allir hans samtíðismenn, þann sem sýndi hið síðferðislega persónugildimannins í hverri þraut og gaf lífinu þýðingu og háar hvatir, þýðingu hins fullkomnasta mannlífs og hvöt til kærleikans og hins góða.

Þessi sögulega rannsókn á kristskenningunni, sem var tekin upp snemma og hefir lifað lengi sem arfleifð og sögusögn, hefir leitt í ljós hvað ófrumleg kennung sú er og hversu skamt í rauninni hún nær. Rannsókn þessi er yfir höfuð að tala starf manna, sem ekki eru taldir að tilheyra oss únitörum. Hún er starf frædimanna á Þjóðverjalandi, Frakklandi og Hollandi, er blátt áfram eru frjálslyndir meðlimir kyrkna, er ekki hafa sem